

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Blaðamannafélags Íslands**  
**og**  
**Samtaka atvinnulífsins**

**1. gr.**

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning SA og BÍ.

**2. gr.**

**Inngangur - megininntak**

Kjarasamningur þessi byggir á Stöðugleikasamningum sem undirritaður var milli SA og sambanda og félaga ASÍ í mars 2024. Meginmarkmið Stöðugleikasamningsins er að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta, sem er mikið hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Jafnframt er markmið samningsins að auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Samningurinn kveður einnig á um framleiðniauka til alls launafólks, sem byggir á mældri framleiðni, og kauptaxtaauka á kauptaxta kjarasamninga.

**3. gr.**

**Launabreytingar**

Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja kjarasamningi þessum. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. febrúar 2024:	3,25% eða 23.750 kr.
1. janúar 2025:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2026:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2027:	3,50% eða 23.750 kr.

Kjarasamningi þessum fylgja launatöflur vegna árána 2024 – 2027, sem eru hluti samningsins.

Kjaratengdir liðir kjarasamninga

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka sem hér segir, nema um annað hafi verið samið:

1. febrúar 2024:	3,25%
1. janúar 2025:	3,50%
1. janúar 2026:	3,50%
1. janúar 2027:	3,50%

#### 4. gr.

##### **Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2024 106.000 kr.

Á árinu 2025 110.000 kr.

Á árinu 2026 114.000 kr.

Á árinu 2027 118.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 verði orlofsuppbót kr. 58.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verði orlofsuppbót kr. 60.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verði orlofsuppbót kr. 62.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verði orlofsuppbót kr. 64.000.

#### 5. gr.

##### **Frá og með 1. júní 2024 breytist gr. 7.3 vegna endurgreiðslu útlagðs kostnaðar og orðast svo:**

Til að sinna starfi sínu ber blaðamönnum að fylgjast vel og skipulega með fréttum í dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi. Blaðamenn þurfa einnig að nota eigin síma til að fylgja eftir fréttum og leita upplýsinga og vera net- og tölvutengdir til að geta sinnt starfi sínu. Þá er og nauðsynlegt að hægt sé ná til blaðamanna á hvaða tíma sólarhrings sem er. Til að koma til móts við þann kostnað sem blaðamenn verða fyrir vegna framangreindra skilyrða útgefenda, endurgreiðist útlagður kostnaður fastráðinna blaðamanna samkvæmt eftirfarandi reglum:

Útgefandi greiði áskriftir dagblaða, tímarita og ljósvakamiðla, samtals kr. 16.500.

Útgefandi endurgreiði símakostnað, samtals kr. 4.000 á mánuði.

Útgefandi endurgreiði nettengingu og kostnað vegna hennar samtals kr. 8.500 á mánuði.

Samtala kostnaðarliða á yfirstandandi samningstímabili er kr. 29.000 á mánuði.

Útgefandi getur látið í té einhver ofangreindra atriða á eigin kostnað og fellur þá kostnaðargreiðsla vegna þess niður.

Þar eð framangreint skoðast sem endurgreiðsla útlagðs kostnaðar skal eigi greidd nema ein nettenging tölvu á hverju heimili (í þeim tilvikum að fleiri en einn fjölskyldumeðlimur starfi við blaðamennsku). Sama gildir um áskrift dagblaða.

#### 6. gr.

##### **Samningsforsendur**

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar sambanda og félaga ASÍ frá mars 2024. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um kauptaxtauka og framleiðniauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá mars 2024 verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

### Gildistími

Gildistími kjarasamnings þessa er frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur hann þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

### Afgreiðsla kjarasamningsins

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 15:00 5. júní 2024.

Reykjavík 20. maí 2024

F.h. Bládamannafélags Íslands

Sigr. Dóttir  
Kensu Árnadóttir  
Anna Ljós Þórsdóttir  
Hallgríður K.E. Jónsdóttir  
Einar Þór Sigurðsson  
Freyr Björnsson  
Anna Þor Ingólfsson  
Eola Hlynisdóttir

F.h. Samtaka atvinnulífsins

My Búi H. Búi  
Kinn & Vignar  
Margrjet Magnúsdóttir  
Kouþvík ítt

MA3

### Bókun

Samningsaðilar eru sammála um, að við uppfærslu kjarasamningsins munu aðilar sameiginlega yfirfara orðalag samningsins eftir því sem þörf er með það að markmiði að reyna að skýra betur ákvæði samningsins án þess að það leiði til efnisbreytinga.

### Bókun

Samningsaðilar eru sammála um að nýta samningstímann til að yfirfara tiltekin atriði kjarasamningsins. Markmið aðila er að nálgast samkomulag um neðangreind atriði áður en samningurinn rennur út.

	Verkefni hefst	Verkefni lýkur
Gildissvið kjarasamnings	September 2024	Maí 2026
Vinnutími (vaktakafli, álagsgreiðslur, fjarvinna, 3 mánaða leyfi, orlof o.fl.)	September 2024	Maí 2026
Forsendur sameiningar samninga FF og BÍ	September 2026	Maí 2027
Einföldun launatöflu	September 2027	Febrúar 2028

## Launatafla SA og BÍ

### Grunnlaun

1.2.2024

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1.flokkur	482.066	507.106	522.130	538.055	555.198	567.877	580.936	586.387	600.047
2.flokkur	560.508		572.118	584.162	596.658	599.590	608.702	622.322	636.452
3.flokkur	572.118		584.162	596.658	599.590	608.702	622.322	636.452	

### Grunnlaun

1.1.2025

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1.flokkur	505.816	530.856	545.880	561.805	578.948	591.627	604.686	610.137	623.797
2.flokkur	584.258		595.868	607.912	620.408	623.340	632.452	646.072	660.202
3.flokkur	595.868		607.912	620.408	623.340	632.452	646.072	660.202	

### Grunnlaun

1.1.2026

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1.flokkur	529.566	554.606	569.630	585.555	602.698	615.377	628.436	633.887	647.547
2.flokkur	608.008		619.618	631.662	644.158	647.090	656.202	669.822	683.952
3.flokkur	619.618		631.662	644.158	647.090	656.202	669.822	683.952	

### Grunnlaun

1.1.2027

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1.flokkur	553.316	578.356	593.380	609.305	626.448	639.127	652.186	657.637	671.297
2.flokkur	631.758		643.368	655.412	667.908	670.840	679.952	693.572	707.890
3.flokkur	643.368		655.412	667.908	670.840	679.952	693.572	707.890	

M-HB  
SRA

Sólarlagstafli - Sýn og BÍ

**1.2.2024**

	Byrjunarl.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
Grunnlaun					586.154	603.101	621.166	640.418
21% álag					709.246	729.752	751.611	774.906

**1.1.2025**

	Byrjunarl.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
Grunnlaun					609.904	626.851	644.916	664.168
21% álag					737.984	758.490	780.348	803.643

**1.1.2026**

	Byrjunarl.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
Grunnlaun					633.654	650.601	668.666	687.918
21% álag					766.721	787.227	809.086	832.381

**1.1.2027**

	Byrjunarl.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
Grunnlaun					657.404	674.351	692.416	711.995
21% álag					795.459	815.965	837.823	861.514

	2024	2025	2026	2027
Desemberuppbót	150.662	156.347	162.032	167.717
Júlíuppbót	135.309	139.975	144.641	149.307

MHB  
GPA